

# Rætt við Ólaf Ólafsson, veitingamann

Ólafur Ólafsson var á sinni tíð mjög kunnur veitingamaður í Reykjavík. Hann veiktist árið 1960 og var síðan sjúklingur þangað til hann andaðist 22. apríl 1965. Þar sem börn hans eru enn á miðjum aldri taldi ég að tiltölulega auðvelt myndi reynast að fá fyrir milligöngu þeirra öruggar upplýsingar um starfsferil Ólafs. Sú varð þó ekki raunin á. Ég ræddi við tvö börn Ólafs sem bæði unnu að veitingarekstri með föður sínum, þau Elínu og Magnús. Hvorugt þeirra gat gefið óyggjandi upplýsingar um sum þeirra atriða sem mestu skiptir að fá vitneskju um í sambandi við veitingasögu Ólafs. Hins vegar sögðu þau mér ýmislegt sem ég tel nú rétt að skrá til þess að það hverfi ekki í glatkistu. En flest er þar ekki nægjanlega tryggt til að því megi fulltreysta þó að rétt sé að eiga það skráð þegar leitað verður annarra og öruggari heimilda um veitingastarfsemi Ólafs Ólafssonar. Í eftirgreindri frásögu er flest byggt á upplýsingum Elínar sem virðist öruggari Magnúsi um þau ártöl og þá atburði sem hér verður frá greint.

Ólafur Pálsson Ólafsson er fæddur á Akranesi 3. janúar 1898. Ástæðan til síðara skírnamnafnsins er sú að faðir Ólafs, Ólafur Pálsson, druknaði viku áður en barnið fæddist. Var þess vegna ákveðið að gefa drengnum í skírinni fullt nafn föður síns. Ólafur ólst upp hjá Magneu og Guðmundi Þorvaldssyni að Belgsholti í Borgarfirði. Eftir fermingu fór hann til Reykjavíkur. Hann gerðist þar matsveinn á fiskibáti. Elín telur að fyrstu árin hafi Ólafur unnið margvísleg störf, segir að hann hafi einhvern tíma á þessum árum verið bryti eða matreiðslumaður á Ægi og fullyrðir að hann hafi verið þjónn á Hótel Borg um eða upp úr 1930. Þá veit hún ekki betur en að hann hafi um tíma unnið við verslunarrekstur í húsi við Bergstaðastíg. Árið 1922 hóf Ólafur búskap með Helgu Pálínu Sigurðardóttur. Þau eignuðust 9 börn sem öll eru enn á lífi. Helga Pálína er enn lifandi. Hún býr nú í Kaupmannahöfn.

Af frásögnum þeirra Elínar og Magnúsar er mjög örðugt að átta sig á veitingaferli Ólafs allt fram til ársins 1935. Frá 1930 eða 1931 virðist hann hafa komið víða við. Hér verða þeir veitingastaðir nefndir sem þau Elín og Magnús hafa sagt mér frá og allir virðast þeir hafa verið reknir af Ólafi á þessu árabili.

## Laugavegur 28.

Eigi er ljóst hvort Ólafur stofnaði þar fyrst til veitingareksturs eða keypti af öðrum sem þar höfðu fyrir haldið uppi veitingastarfsemi. Þar var almenn veitingasala. Auk þess

var dansað á kvöldin. Minnst Elín þýsks manns sem lék þar á harmoniku fyrir dansi. Elín telur að þetta fyrirtæki við Laugaveg 28 hafi ekki reynst arðvænlegt og minnir hana að vanskilaskuldir hafi leitt til þess að Ólafur hrökklaðist þaðan og raunar einnig samtímis frá öðrum veitingastöðum sem hann hafði þá rekið.

## Kaffistofa við Kalkofnsveg.

Ólafur rak um skeið kaffistofu við hliðina á húsnæði vörubílastöðvarinnar Þróttur við Kalkofnsveg. Þar seldi hann kaffi, gosdrykki og kaffibrauð, einkum pönnukökur sem hann bakaði sjálfur. Hann seldi um tíma pönnukökur frá þessari veitingastofu. Var sendisveinn í förum með þær milli veitingastofunnar og kaupenda. Starfsemiinni við Kalkofnsveg lauk um leið og Ólafur hætti störfum að Laugavegi 28. Telur Elín að milli þessa hafi verið einhver fjárhagstengsl.

## Veitingarekstur í Kolasundi.

Elín segir að Ólafur hafi um tíma verið með „ölsjoppu í Kolasundi“. Um þennan veitingarekstur er hún ófróð.

## Veitingarekstur í Tryggvagötu.

Elín segir að einhvers staðar í Tryggvagötu hafi Ólafur verið með litla veitingastofu. Minnir hana að kaffibrauð, sem Ólafur tilreiddi á og í bökunarforni sínum við Kalkofnsveg, hafi verið sent í þessa litlu veitingastofu þar sem það var selt. Kaffistofa þessi var í Grófinni.

## Hótel Norðurland.

Elín fullyrðir að vorið 1934 hafi Ólafur farið til Siglufjarðar þar sem hann gerðist veitingamaður á Hótel Norðurlandi. Þar var hann sumarið 1934. Elín telur að þar hafi reksturinn gengið mjög illa. „Það fór allt á hausinn“ sagði hún.

## „Ólakaffi“, Hafnarstræti 16.

Árið 1935 verða þáttaskil í veitingarekstri Ólafs Ólafssonar. Þá setur hann upp veitingastofu í Hafnarstræti 16. Þessi veitingastofa, sem var nefnd „Ólakaffi“ eða bara Hafnarstræti 16, virðist alla tíð síðan vera traustur grundvöllur afkomu Ólafs og þeirrar veitingastarfsemi annarrar sem hann hélt uppi. „Ólakaffi“ var á jarðhæð í mjög litlu húsrými. Inn í veitingastofuna var gengið frá Hafnarstræti. Í veitingastofunni voru tvö til þrjú borð. Þar var einnig afgreiðsluborð með glerkössum til endanna þar sem komið var fyrir brauði, kökum, sviðum og öðru sem á boðstólum var. Flestir stóðu við afgreiðsluborð og neyttu þar veitinga. Þegar Ólafur tók veitingastofuna á leigu kom hann upp eldhúsi innar af

vinnurýminu að baki afgreiðsluborðsins. Síðar fékk hann leyfi til að byggja eldhús í portinu bakvið veitingastofuna. Jók hann þá rýminu, þar sem eldhúsið hafði fyrr verið, við gestarýmið. Mikið af kaffibrauði var jafnan bakað í Ólakaffi. Veitingastofan náði fljótlega mjög miklum vinsældum. Verkamenn voru jafnan traustir viðskiptavinir. Hermenn voru góðir viðskiptavinir á stríðsárunum. Ólafur veitti veitingastofunni forstöðu þangað til hann veiktist. Eftir það tók fjölskylda Ólafs við rekstrinum, fyrst Sigurður sonur Ólafs, þá tengdadóttir Ólafs, Hrafnhildur. Síðast veitti dóttir Ólafs, Elín, veitingastofunni forstöðu. Um svipað leyti og Ólafur andaðist var veitingastofan seld. Elín taldi að tveir lögregluþjónar hefðu keypt hana. Þeim reyndist reksturinn ekki arðbær. Það leiddi til þess að veitingastofan var lögð niður.

## Brytinn í Hafnarstræti 17

Elín telur að það muni hafa verið árið 1938 er Ólafur tók á leigu húsnæði á fyrstu hæð í húsinu nr. 17 við Hafnarstræti. Þar innréttaði hann veitingastofu. Inn í þetta húsnæði var gengið frá Hafnarstræti upp nokkrar tröppur inn í veitingasal þar sem voru 8-10 borð auk afgreiðsluborðs. Þennan veitingastað nefndi Ólafur Brytann. Í Brytanum var seldur heitur matur auk annarra almennra veitinga. Elín segir að þegar opnað var hafi verið á heitri máltíð verið ein króna. Veitingastaðurinn náði fljótlega góðum vinsældum einkum meðal verkamanna. Á stríðsárunum var hann fjölsóttur af hermönnum. Brytinn var alla tíð fremur þokkalegur en ódýr veitingastaður.

Árið 1941 lék Ólafi hugur á að taka til við útgerð. Til þess að losa fjármuni til útgerðarinnar ákvað hann að selja Axel Sigurðssyni Brytann. Axel keypti veitingastaðinn árið 1941. Hvorki reyndist útgerðin Ólafi arðbær né veitingareksturinn Axel Sigurðssyni. Árið 1947 var Axel orðinn gjaldþrota og Ólafur afhuga útgerð. Þá samdist svo um að Ólafur eignaðist veitingastofuna á ný. Nafn hennar var þá Gullfoss. Ólafur gaf henni aftur hið fyrra heiti, Brytinn. Eftir að Ólafur tók á ný við veitingarekstrinum í Hafnarstræti 17 opnaði hann út í Tryggvagötu, kom þar upp eldhúsi í skúr og stækkaði veitingastofuna. Þar setti hann upp stórt afgreiðsluborð og fjölgaði borðum í veitingasalnum. Ólafur rak Brytann til ársins 1956. Þá seldi hann veitingastofuna syni sínum,

Magnúsi. Hann hefur tjáð mér að í rauninni hafi þá frekar verið um að ræða yfirtöku á skuldum og rekstri en venjuleg kaup. Magnús rak Brytann í tvö ár. Hann sagðist ekki hafa talið hyggilegt að halda þar áfram rekstri. Þess vegna seldi hann Brytann Sveini Símonarsyni. Magnús sagði mér að Sveinn hafi fljótlega gefist upp á rekstrinum. Þar með lagðist veitingastarfsemi niður í húsinu nr. 17 við Hafnarstræti.

#### **Brytinn í Austurstræti 4**

Um 1950 var laust húsnæði á jarðhæð í Austurstræti 4 þar sem áður hafði verið tóbaksverslun. Þetta húsnæði tók Ólafur á leigu og setti þar upp litla veitingastofu. Elínu minnir að hann nefndi veitingastofuna Brytann, og telur að nafnið Fjarkinn hafi komið til eftir að Ólafur seldi veitingastofuna. Hún telur að Ólafur hafi átt þessa veitingastofu í 3-4 ár. Þá seldi hann veitingastofuna Friðsteini Jónssyni.

#### **Röðull á Laugavegi 89**

Það mun hafa verið um 1945 að samningar tókust um það að Ólafur Ólafsson keypti Röðul að Laugavegi 89 af þáverandi eiganda, Erlendi Erlendssyni, sem ákveðið hafði að flytjast búferlum til Ameríku. Á Röðli var þá rými á annarri hæð, sem notað var til dansleikja. Á fyrstu hæð hússins var ísbar. Húsið allt var þrjár hæðir og ris. Að því er varðar ártalið 1949 þá er þess að geta að mér hefur ekki unnist tími til að fá úr því skorið hvort ártalið sé rétt. Magnús Ólafsson telur að Ólafur hafi ekki keypt Röðul fyrr en 1950 eða 1951. Læt ég þeirri spurningu ósvarað að sinni, eins og raunar fleirum í þessum minnisþingum. Eftir að Ólafur keypti Röðul hófst hann handa um breytingar á húsnæðinu. Hann kom upp eldhúsi í kjallara, byggði útgeymslu í porti og innréttaði veitingastofu á jarðhæð. Þar rak hann matsölu. Ísbarinn var einnig opin á fyrstu hæð. Hann breytti innréttingunni á danssalnum á annarri hæð og stefndi til þess að koma á báðum hæðunum upp fyrsta flokks veitingahúsi sem fengi vínveitingaleyfi. Á þriðju hæð kom hann upp íbúð fyrir fjölskyldu sína en herbergjum fyrir starfsfólk í rishæð.

Þau systkin, Elín og Magnús, eru ósammála um hvenær Ólafur hafi opnað Röðul. En bæði telja þau að um 1956 hafi Ólafur verið kominn í svo mikla fjárþröng á Röðli að hann hafi orðið að selja eignina. Bæði segja þau að biðin eftir að fá vínveitingaleyfið hafi reynst Ólafi of löng, skuldir hafi verið orðnar svo miklar þegar

vínveitingaleyfið fékkst að Ólafur hafi ekki risið undir þeim. Honum tókst að gera veitingastaðinn mjög vistlegan. Ólafur fékk erlenda skemmtikrafta og lagði sig á allan hátt fram um að Röðull yrði fyrsta flokks veitingahús. En sú viðleitni varð honum of dýr. Þess vegna varð hann að gefast upp. Holgeir Clausen keypti Röðul. Honum tókst ekki að halda þar uppi veitingarekstri. Þess vegna lagðist veitingarekstur niður að Laugavegi 89 og húsnæðið tekið til annarra nota.

#### **Röðull að Skipholti 19**

Það mun hafa verið um 1957 að Ólafur leigði húsnæði að Skipholti 19 þar sem hann tók til við að innrétta fyrir veitingarekstur á fyrstu og annarri hæð. Hvor hæð var rúmir 300 fermetrar. Auk þess var tæplega 60 fermetra viðbygging sem notuð var fyrir geymslur. Á neðri hæð var stórt anddyri. Þar voru fatageymslur, herbergi starfsfólks, skrifstofa og vingeymsla. Úr anddyri var gengið inn í bar sem rúmaði 70-100 manns. Frá anddyrinu var gengið upp í veitinga- og danssali á annarri hæð. Þeir rúmuðu samtals um 220 gesti. Eldhús var á annarri hæð.

Innréttingin tók lengri tíma og varð dýrari en áætlað hafði verið. Þess vegna átti Ólafur í miklum fjárhagsörðugleikum þau tvö ár rúm sem hann hélt uppi veitingarekstri að Röðli við Skipholt. Þeir leiddu til þess að hann neyddist til að selja Helgu Marteinsdóttur veitingareksturinn. Það mun hafa verið árið 1960. Það ártal er þó enn ekki staðfest fremur en margt annað í framanritaðri frásögn. En Röðulsævintýrum Ólafs Ólafssonar lauk með því að frá þeim fór hann slyppur og snauður. Þegar litíð er yfir feril Ólafs virðist Hafnarstræti 16 hafa verið sá eini staður þar sem honum tókst að halda uppi ágætlega arðbærum veitingarekstri um langt árabíl. Á öðrum stöðum hefur hann annað hvort ekki kært sig um að festa rætur eða orðið frá að hverfa vegna þess að stórhugur var meiri en greiðslugeta, svo sem augljósast varð í viðleitninni til þess að koma upp arðvænlegum veitingarekstri að Röðli við Laugaveg og Skipholt. ♣

Apríl 1981